

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 58. fundur.

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 4. sept. 2013, kl 9:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni f.h. stjórnar SANA dags. 2. júlí.
3. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu gistingar til handa Ólöfu P. Hallgrímsdóttur f.h. Vogabús ehf.
4. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu veitinga til handa Ólöfu P. Hallgrímsdóttur f.h. Vogabús ehf.
5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 10. júlí.
6. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 1. ágúst.
7. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu veitinga til handa Yngva R. Kristjánssyni f.h. Mývatns ehf.
8. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitinga til handa Yngva R. Kristjánssyni f.h. Mývatns ehf.
9. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitinga (Skjólbrekka) til handa Yngva R. Kristjánssyni f.h. Mývatns ehf.
10. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 15. ágúst.
11. Slægjufundur.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Hvamms dags. 2. júlí.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Auður Jónsdóttir, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og bauð fólk velkomið eftir sumarfrí.

2. Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni f.h. stjórnar SANA dags. 2. júlí.

Óskað er eftir liðsinni sveitarfélagsins til að knýja samgönguyfirvöld um eðlilega vetrarþjónustu á helstu samgönguleiðum innan héraðsins og þeim vegum sem tengja það samgöngukerfi landsins. Jafnframt verði knúið á um að tengivegir að ferðamannastöðum verði teknir inná vetrarþjónustuáætlun þar sem slíkt er eitt af forsendum þess að unnt sé að þróa ferðaþjónustuna á svæðinu sem heilsárs atvinnugrein.

Sveitarstjórn hefur fullan skilning á málinu og mun hér eftir sem hingað til þrýsta á samgönguyfirvöld um aukið fjármagn til vetrarþjónustu.

3. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu gistingar til handa Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. Vogabús ehf.

Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til sölu gistinga í Vogafjosi sveitasetri.

Rekstrarleyfi/gististaður, flokkur III

Sveitarstjórn samþykkti umbeðið leyfi fyrir sitt leiti í tölvupósti 11. júlí s.l. og staðfestir það hér með.

4. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu veitinga til handa Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. Vogabús ehf.

Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til sölu veitinga í Vogafjosi – Café.

Rekstrarleyfi/veitingastaður flokkur II.

Sveitarstjórn samþykkti umbeðið leyfi fyrir sitt leiti í tölvupósti 11. júlí s.l. og staðfestir það hér með.

5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 10. júlí.

1. Hverir austan námafjalls. Breyting á Aðalskipulagi.

Tekið er fyrir erindi frá Ólafi H. Jónssyni, f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf., þar sem óskað er eftir því að skilgreint verði í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps verslunar- og þjónustusvæði við Hveri skv. meðfylgjandi drögum að deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt.

Skipulags- og byggingarfulltrúa falin málsmeðferð í samstarfi við landeigendur og skipulagsráðgjafa eins og 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

2. Vinnubúðir Bjarnarflagsvirkjunar. Umsókn um byggingarleyfi/deiliskipulag.

Tekið fyrir að nýju erindi frá Jóni H. Gestssyni, f.h. Landsvirkjunar þar sem hann óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að láta vinna deiliskipulagslýsingu af

vinnubúðum Landsvirkjunar vegna Bjarnarnflagsvirkjunar á lóð fyrrum Kísiliðjunnar. Einnig óskar hann eftir að skipulagslýsing deiliskipulagsins verði tekin til meðferðar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin var send umsagnaraðilum og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum, eins og 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um, frá og með 11. apríl til og með 2. maí 2013.

Athugasemd barst frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar. Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna á þessu stigi en leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að kynna tillöguna, eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkti afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á báðum liðum fundargerðarinnar í tölvupósti 17. júlí s.l. og staðfestir það hér með.

6. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 1. ágúst.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekin fyrir niðurjöfnun gangna skv. m.f. gangnaseðli. Einnig var farið yfir önnur fyrirmæli og þeim breytt. Réttað verður í báðum réttum 1. september.

Í þriðja lið samþykkir nefndin eftirfarandi bókun:

„Vegna garnaveiki í hreppnum, eru það tilmæli til fjáreigenda að forðast að hýsa ókunnugt fé í fjárhúsum sínum. Af þessum sökum er áréttað að allt fé úr afrétti verði rekið til réttar og dregið sundur þar“

Þá minnir nefndin á að bólusetja þarf allt ásetningsfé áður en það er tekið á hús.

Sveitarstjórn samþykkti fundargerð Atvinnumálanefndar í tölvupósti 2. ágúst, og staðfestir það hér með.

7. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu veitinga til handa Yngva R. Kristjánssyni f.h. Mývatns ehf.

Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til sölu veitinga í Kaffi-Seli (áður Sel-Verslun)

Rekstrarleyfi/veitingastaður, flokkur II.

Sveitarstjórn samþykkir umbeðið leyfi fyrir sitt leiti.

8. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitinga til handa Yngva R. Kristjánssyni f.h. Mývatns ehf.

Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til sölu gistinga og veitingu veitinga í Sel-Hótel Mývatn.

Rekstarleyfi/Hótel, flokkur V.

Sveitarstjórn samþykkir umbeðið leyfi fyrir sitt leiti.

9. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitinga (Skjólbrekka) til handa Yngva R. Kristjánssyni f.h. Mývatns ehf.

Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til sölu gistinga og veitingu veitinga í Skjólbrekku.

Rekstarleyfi/gististaður/veitingastaður, flokkur V.

Sveitarstjórn samþykkir umbeðið leyfi fyrir sitt leiti.

10. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 15. ágúst.

1. Hverir í landi Reykjahlíðar. Breyting á aðalskipulagi.

Tekið fyrir að nýju erindi frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf, f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf þar sem lögð er fram deiliskipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag Hvera. Sveitarstjórn hafði samþykkt að veita umsækjanda heimild til deiliskipulagsgerðar en jafnframt bent umsækjanda á að breyta þarf samhliða aðalskipulagi þar sem ekki er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði við Hveri í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falin málsmeðferð eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

2. Skútustaðagígar. Deiliskipulagslýsing.

Tekið fyrir að nýju erindi frá Ómari Ívarssyni hjá Landslagi ehf, f.h. Umhverfisstofnunar þar sem lögð er fram deiliskipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag Skútustaðagíga. Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast af friðlýstu svæði Skútustaðagíga og því sér Umhverfisstofnun um rekstur og umsjón svæðisins. Deiliskipulagslýsingin var kynnt eins og 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um frá og með 27. júní til og með 17. júlí 2013. Athugasemdir bárust frá Birni og Gylfa Yngvasonum, landeigendum Skútustaða 2

Skipulags- og umhverfisnefnd telur nauðsynlegt að unnið verði heildstætt skipulag af svæðinu þar sem m.a. verði gerð áætlun um framtíðarþróun hótela og búskapar á svæðinu, hugað verði að bílastæðamálum vegna þeirra sem heimsækja gígana, og við skipulagsgerðina verði lögð þung áhersla á umferðaröryggismál í samráði við Vegagerðina. Þá beinir nefndin þeim tilmælum til umsækjanda og Umhverfisstofnunar að tekið verði tillit til fram kominna tilmæla og athugasemda landeigenda Skútustaða 2 og ítrekar mikilvægi þess að haft verði fullt samráð við þá við deiliskipulagsgerðina.

3. Helgavogur, lóð nr. 1. Kynning á byggingaráformum.

Tekið er fyrir erindi frá Sigurði Jónasi Þorbergssyni, þar sem hann óskar eftir að kynna fyrir sveitarstjórn byggingaráform vegna fyrirhugaðs íbúðarhúss á lóð nr. 1 í Helgavogi. Þar sem um framkvæmdir nálægt vatninu gilda sér ákvæði þykir rétt að kynna fyrirhugaða byggingu fyrir sveitarstjórn og óska eftir afstöðu hennar til húsagerðarinnar. M.f. eru 1. þrjár teikningar og ljósmynd frá framleiðanda EBK, 2. afsal fyrir lóð, 3. teikning þar sem staðsetning lóðar kemur fram, 4. afrit fundargerðar sveitarstjórnar frá 6. mars 2007 þar sem staðfesting umhverfisráðherra kemur fram, 5. úrskurðarorð umhverfisráðherra frá 13. mars 2006 (bl. 1 og 7).

Skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í byggingaráformin þar sem gert er ráð fyrir tveimur íbúðarhúsalóðum við Hrútavogstanga (Helgavog) svæði 331-Íb í

Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og annað húsið er þegar byggt. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að leita meðmæla frá Skipulagsstofnun vegna umræddrar framkvæmdar, þegar nánari gögn frá umsækjanda liggja fyrir, eins og 1. töluliður ákvæða til bráðbirgða í skipulagslögum nr. 123/2010 mælir fyrir um, þar sem ekkert deiliskipulag liggur fyrir.

4. Vinnubúðir Bjarnarflagsvirkjunar. Deiliskipulag.

Tekið fyrir að nýju erindi frá Jóni H. Gestssyni, f.h. Landsvirkjunar þar sem hann óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að láta vinna deiliskipulag af vinnubúðum Landsvirkjunar vegna Bjarnarflagsvirkjunar á lóð fyrrum Kísiliðjunnar. Deiliskipulagslýsing dags. 25. mars var tekin til meðferðar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. frá og með 11. apríl til og með 2. maí 2013. Athugasemdir bárust frá Ólafi H. Jónssyni f.h. LR ehf. Komið var að mestu leyti til móts við fyrrgreindar athugasemdir við deiliskipulagsgerðina. Tillagan var kynnt á opnum fundi 22. júlí, eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um. Ekki komu fram neinar athugasemdir en Landsvirkjun óskaði eftir að sett verði heimild í deiliskipulagsskilmála til að fjarlægja núverandi rofahús og staðsetja nýtt við norð-vestur horn núverandi skemmu. Innkominn nýr deiliskipulagsuppráttur með greinargerð dags 12. ágúst 2013 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að auglýsa fram komna tillögu að deiliskipulagi vinnubúða Bjarnarflagsvirkjunar eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

5. DrekaGil. Stofnun lóðar.

Væntanlegt erindi frá forsætisráðuneytinu vegna stofnunar lóðar undir landvarðahús við Dreka lagt fram til kynningar. Borist hefur hnitsettur lóðaruppráttur frá Eflu verkfræðistofu dags. 1. júlí 2013.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna hana í landupplýsingagrunni Þjóðskrár þegar fullnægjandi umsókn hefur borist frá forsætisráðuneytinu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.

Sveitarstjóri vék af fundi undir liðum 1 og 4.

11. Slægjufundur.

Í ár kemur það í hlut íbúa frá Kráká að Laxá að sjá um Slægjufund. Sveitarstjórn samþykkir að fela Ingólfi Jónassyni að kalla íbúa á svæðinu saman til undirbúnings.

12. Vinarbæjarsamband.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir sig jákvæða fyrir stofnun vinabæjarsambands við sveitarfélagið Sör-Fron í Noregi. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Auður Jónsdóttir,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.